

AUGLÝSING

um samþykkt breytinga á deiliskipulagi í Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt deiliskipulagsbreytingar sem hér segir:

Helgafellshverfi, 4. áfangi.

Breytingin felur í sér endurhönnun og einföldun gatnakerfis ásamt breytingu á húsagerðum í hverfinu. Hverfið gerir ráð fyrir einnar hæðar einbýlis- og raðhúsum ásamt tveggja og þriggja hæða fjölbýlishúsum. Parhús hafa verið tekin út. Íbúðum í hverfinu fjölga úr 113 í 188 en meðalstærð íbúða er minni en áður.

Fossatunga 8-12.

Breytingin felur í sér að þriggja eininga raðhús við Fossatungu verður að fjórum íbúðum, við bætist íbúð 10a. Byggingarskilmálar eru almennt óbreyttir en breidd stakra íbúða breytist þar sem ein íbúð verður án innbyggðrar bílageymslu. Heimilt er að byggja einnar hæðar raðhús á lóðinni.

Efri-Reykir og Reykjahvoll 5.

Breytingin felur í sér skiptingu núverandi lóða Efri-Reykja og Reykjahvols 5 í þrjár lóðir í stað tveggja. Nýja lóðin Reykjahvoll 5a er 910 m² og ætluð einbýlishúsi.

Leiksvæði við Snæfríðargötu.

Breytingin felur í sér að leiksvæði sem liggur vestan við göngustíg sem kemur frá Vefarastræti niður fyrir Sauðhól og niður fyrir Snæfríðargötu er færður austur fyrir göngustíginn og leiksvæði stækkað.

Ofangreindar breytingar hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

F.h. Mosfellsbæjar, 20. maí 2020,

Kristinn Pálsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 22. maí 2020